

Akraneskaupstaður
Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri
Stílholti 16-18
300 Akranes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. okt. 2012
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. október 2012
Tilvísun: UST20111000060/edk


Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 8. desember 2011 þar sem áformað var að áminna Akraneskaupstað vegna þriggja frávíka sem komu fram í reglubundnu eftirliti með urðunarstað Sorpmeðhöndlunar Akraness þann 30. júní 2011. Einnig er vísað í bréf dagsett 23. mars 2012 þar sem rekstraradila var veittur frestur til 1. ágúst til að ljuka urbotum á girðingu á norðvesturhlíð urðunarsvæðis Sorpmeðhöndlunar Akraness. Í sama bréfi var einnig staðfest að urbotum vegna tveggja frávíka sem komu fram við eftirlit árið 2011 væri lokið.

Fulltrúi Akranesbæjar staðfesti í samtali við Umhverfisstofnun þann 10. október sl. að urbotum á girðingunni væri nú lokið. Umhverfisstofnun metur það svo að frávíkið sé nú að fullu bætt og ekki þörf á frekari eftirfylgni.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands